

Hafrannsóknastofnun  
Matthías Oddgeirsson  
Fornubúðum 5 / Stað - Grindavík  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 25.4.2023  
UST202302-111/gf  
08.12.02

## **Varðar reglubundið eftirlit í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknarstofnunar á Stað í Grindavík þann 14. mars 2023**

Þann 14. mars sl. fór fram eftirlit í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar á Stað í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending um að uppfæra skriflegar áætlanir sem krafa er um í starfsleyfinu. Áætlanirnar hafa nú borist stofnuninni.
2. Ábending um að aðskilja ársyfirlit og grænt bókhald og að vísa í greinar starfsleyfisins við skil á gögnum til Umhverfisstofnunar. Ársyfirlit fyrir árið 2022 og grænt bókhald ársins 2022 hafa nú borist stofnuninni.
3. Ábending um að nota lekabyttu undir fljótandi hættuleg efni við geymslu þeirra í efnageymslu.

Tvö frávik frá reglugerðarkröfum og kröfum í starfsleyfi komu fram og varða:

1. Í ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, grein 9.2 (um lagnir) er krafa um að fráveitu stöðvarinnar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Í grein 9.7 er heimild sem leyfir að þar sem ómögulegt er vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla kröfur í grein 9.2 þá má leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Umhverfisstofnun hefur ekki verið upplýst um samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir núverandi fyrirkomulagi.

2. Í ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi er krafa um að taka skuli sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennslinu á þriggja ára fresti með 2019 sem upphafsár. Mælingar sem gera átti á árinu 2022 voru ekki gerðar á tilsettum tíma.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. maí 2023.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur